

AUGLÝSING um frestun á fundum Alþingis.

Samkvæmt tillögu forsætisráðherra hefur forseti Íslands gefið út svofellt bréf um frestun á fundum Alþingis:

„FORSETI ÍSLANDS
gjörir kunnugt:

Að ég, að tilskildu samþykki Alþingis, veiti forsætisráðherra umboð til þess að fresta fundum Alþingis, 151. löggjafarþings, frá 18. desember 2020 eða síðar, ef nauðsyn krefur, til 18. janúar 2021.

Gjört á Bessastöðum, 17. desember 2020.

Guðni Th. Jóhannesson.
(L. S.)

Katrín Jakobsdóttir.“

Alþingi samþykkti hinn 18. desember 2020 ályktun um samþykki til frestunar á fundum Alþingis samkvæmt 1. mgr. 23. gr. stjórnarskrárinnar. Samkvæmt framangreindu umboði og með skírskotun til samþykkis Alþingis var fundum Alþingis, 151. löggjafarþings, frestað hinn 18. desember 2020.

Forsætisráðuneytinu, 21. desember 2020.

F. h. r.
Bryndís Hlökkversdóttir.

Ágúst Geir Ágústsson.